

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 99/97
frá 9. desember 1997**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/97 frá 11. júlí 1997⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/95 frá 12. júní 1996 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3201/90 um nákvæmar reglur um lýsingu og kynningu á vínum og þrúgusafa⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 26. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3201/90) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **396 R 1056:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/96 frá 12. júní 1996 (Stjttíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 15).“.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 290, 23. 10. 1997, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 44, 23. 10. 1997, bls. 22.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 140, 13. 6. 1996, bls. 15.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/96 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner